

**27. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
18. nóvember 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1510203 - Uppsögn á starfi**

Bylgja Mist Gunnarsdóttir, forstöðuþroskaþjálfi, sem sagt hefur starfi sínu lausu, mætti á fund ráðsins og fór yfir ástæður uppsagnar sinnar.

**2. 1509083 - Heimaþjónusta, innlit kvöld og helgar**

Lögð fram tillaga verkefnistjóra heimaþjónustu Akraneskaupstaðar og deildarstjóra heimahjúkrunar HVE að fyrirkomulagi og viðmiðum fyrir innlitsþjónustu í heimaþjónustu.

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að gera tillögu að breyttum reglum um heimaþjónustu með hliðsjón af tillögunum.*

**3. 1502159 - Greiðslur til stuðningsfjölskyldna**

Umræður um greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna á þjónustusvæði Akraneskaupstaðar. Framhald umræðu frá 8. apríl 2015.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrir sitt leyti að greiðslur til stuðningsfjölskyldna verði samræmdar greiðslum annarra félagsþjónustusvæða á þjónustusvæði Vesturlands, sbr. bókun ráðsins frá 18. febrúar 2015. Ráðið beinir því til bæjarráðs að gert verði ráð fyrir hækkuninni í fjárhagsáætlun ársins 2016. Ráðið mælist einnig til að greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna verði samræmdar milli málaflokks fatlaðra og barnaverndar. Áætlaður kostnaðarauki vegna hækkunarinnar er 1,1 m.kr.*

**4. 1511085 - Styrkir til valdeflingar fatlaðs fólks árið 2016**

Þjónusturáði í málefnum fatlaðra hefur borist tilkynning frá Velferðarráðnueytí um að hægt sé að sækja um styrk vegna kostnaðar við að koma á fót notendaráði í málaflokknum.

Lögð fram drög að verkefnislýsingu og umsókn um styrk.

*Velferðar- og mannréttindaráð tekur jákvætt í tillögur að verkefnislysingu og felur sviðsstjóra og starfsmönnum að vinna vinna áfram að umsókn og undirbúningi verkefnisins.*

VG

JG

**5. 1510180 - Trúnaðarmál**

**6. 1509212 - Forsendur fjárhagsáætlunar Velferðar- og mannréttindasviðs 2016**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun sem vísað hefur verið til 2. umræðu í bæjarstjórn. Rætt um forsendur áætlunarinnar og þætti sem haft geta áhrif á hana.

**7. 1510144 - Stígamót - styrkbeiðni**

Í bréfi frá 7. október 2015 óskar Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta eftir stuðningi Akraneskaupstaðar við rekstur samtakanna. Óskað er umsagnar velferðar- og mannréttindaráðs um umsóknina.

*Velferðar- og mannréttindaráð mælir með því að gert verði ráð fyrir styrk til Stígamóta í fjárhagsáætlun ársins 2016 og vísar erindinu til bæjarráðs.*

**8. 1511079 - Tillaga um breytingu á reglum á fjárhagsaðstoð.**

Lögð fram tillaga félagsmálastjóra og sviðsstjóra um að hámarksfjárhæð láns vegna ábyrgðar í tengslum við gerð húsaleigusamninga verði hækkuð í 420 þ.kr. þar sem húseleiga hefur hækkað umtalsvert frá því að núverandi hámark var ákveðið. Kostnaður er talinn óverulegur þar sem sjaldnast er um bein fjárútlát að ræða.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og vísar henni til bæjarráðs.*

**9. 1511223 - Málefni málskotsnefndar**

Lögð fram tillaga sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs um að málskotsnefnd í félagsmálum verði lögð niður og hlutverk hennar falið Velferðar- og mannréttindaráði.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillöguna og vísar henni til bæjarráðs. Ráðið þakkar fulltrúum í málsskotsnefndinni vel unnin störf.*

**10. 1511213 - Trúnaðarmál**

**11. 1511231 - Trúnaðarmál**

**12. 1511236 - Trúnaðarmál**

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.

*Vilhjálg P. Guðbjartsdóttir  
Eggert Brækur  
Rannveig Þórssdóttir  
Guðrún Þórssdóttir  
Frida Þórssdóttir*